

# Skýrsla hringakstursráðs 2022

Á keppnistímabilinu fundaði ráðið aðeins í fjarfundi og starfið fór allt fram með rafrænum samskiptum.

Almennt gekk keppnishaldið vel í ár. Að tímabilinu loknu var fundað með keppendum og farið yfir reynslu þeirra og rætt um hvað betur hefði mátt fara. Niðurstaða endurskoðunar reglnanna liggur fyrir og uppfærðar reglur fyrir komandi keppnistímabil eru tilbúnar.

Ekki verða gerðar neinar breytingar á gokart reglum eða keppnisfyrirkomulagi fyrir komandi keppnistímabil.

Reglur um tímaat haldast óbreyttar en nokkrar breytingar eru gerðar á reglum um kappakstur.

Helst er þar að nefna að reglum um lágmarksþyngd er breytt þannig að viktun geti farið fram hvenær sem er á meðan á keppni stendur, frekar en að þurfa að gerast við ráspól eins og verið hefur. Reglum um stigagjöf síðari kappaksturslotu breytt og hún nú jöfn fyrri keppnislotu að stigum. Reglum um lengd tímatökuæfingar var breytt til að auka sveigjanleika keppnishaldara til að gefa keppendum tækifæri til að gera breytingar á uppsetningu ökutækja fyrir keppni sem byggja aðstæðum á keppnisdegi. Þá er jafnframt opnað á þann möguleika að keppnishaldari notist við rafrænan búnað í stað brautarvarða í heild eða að hluta.

2023 verða haldnar tvær keppnir sama daginn í fyrsta sinn. Þetta er gert eftir samráð við keppendur liðsins tímabils í þeim tilgangi að fjölga keppnunum án þess að lenda í árekstrum við keppnishald í öðrum greinum.

Keppnisflokkar í kappakstri haldast óbreyttir árið 2023.

Unnið verður að því með Regluráði að ganga frá uppfærðum reglum til birtingar sem fyrst.

Nú hefur verið sótt um 5 keppnir í kappakstri sem er fjölgun um eina keppni frá liðnu ári. Einnig verða bikarkeppnir í tímaati haldnar á komandi tímabili sem er jákvæð þróun þar sem engin keppni fór fram 2022.

Ráðið hefur ákveðið að Íslandsmeistaramót í kappakstri skuli samanstanda af þremur keppnum eða fleiri.

Jafnframt er ákveðið að Íslandsmeistaramót í hermikappakstri skuli samanstanda af þremur keppnum eða fleiri. Þegar liggja fyrir umsóknir um sex keppnir svo ljóst er að þar getur orðið spennandi mót.

Ekkert Íslandsmót verður haldið í gokart árið 2023 sem er miður en endurspeglar áhugann á þeirri grein undanfarin misseri. Regluverk er til staðar og aðstaða á öllum föstu keppnissvæðunum býður upp á flottar bikarkeppnir ef áhugi glæðist.